

Viðauki við ráðningarsamning

Bæjarstjórn Kópavogs, f.h. Kópavogsbæjar, kt. 700169-3759, og Ásdís Kristjánsdóttir, kt. 280978-3459, gera með sér svofelldan viðauka við ráðningarsamning bæjarstjóra. Í viðauka þessum felast breytingar á gildandi 1. gr. ráðningarsamnings bæjarstjóra, sem samþykktur var á 1259. fundi bæjarstjórnar 14. júní 2022, og verður 1. gr. svofelld:

1. gr.

Laun bæjarstjóra skulu vera (uppreiknuð) krónur 2.428.287,- miðað við 1. apríl 2025. Um föst laun er að ræða og því ekki greitt aukalega fyrir vinnu sem unnin er utan hefðbundins dagvinnutíma.

Laun skulu taka breytingum samkvæmt þróun þingfararkaups í fyrsta skipti þann 1. júlí 2026.

Þóknun fyrir setu í bæjarstjórn, ráðum og nefndum tekur mið af launakjörum bæjarfulltrúa eins og þau eru á hverjum tíma.

Bæjarstjóri greiðir til lífeyrissjóðs lögbundið framlag gegn lögbundnu framlagi Kópavogsbæjar. Ákveði bæjarstjóri að nýta sér heimildir til viðbótarlífeyrissparnaðar skal bærinn greiða mótframlag í samræmi við reglur/lög um viðbótarlífeyrissparnað á hverjum tíma.

2. gr.

Viðaukinn skal taka gildi 1. maí 2025 og fellur þá eldri 1. gr. ráðningarsamnings úr gildi. Ráðningarsamningurinn helst að öðru leyti óbreyttur.

Kópavogi, xx. apríl 2025

F.h. bæjarstjórnar

Orri Hlöðversson
Formaður bæjarráðs

Ásdís Kristjánsdóttir
Bæjarstjóri

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026